

Föstudaginn 11. desember 1970.

Nr. 209/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Agnari Karlssyni Svendsen

(Kristinn Einarsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns þar, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Agnar Karlsson Svendsen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. september 1970.

Ár 1970, mánudaginn 28. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 322/1970: Ákærvaldið gegn Agnari Karlssyni Svendsen, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 4. júní s.l., gegn ákærða, Agnari Karlssyni Svendsen verkamanni,

heimilislausum, fæddum 22. ágúst 1925 í Neskaupstað, fyrir að stela þriðjudaginn 12. maí 1970 karlmannsfrakka með hönzku og bíllyklum í í biðstofu í Útvegsbanka Íslands í Reykjavík.

Þykir þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sakarkostnaðargreiðslu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1944 9/11 í Neskaupstað: Sátt, 100 kr. sekt fyrir að taka bifreið í heimildarleysi og aka henni ökuréttindalaus.
- 1949 17/9 í Neskaupstað: Sátt, 1.250 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.
- 1953 13/12 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.
- 1954 8/2 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.
- 1954 23/3 í Keflavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.
- 1954 27/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1954 6/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1956 11/6 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á áfengis-
lögum og tollögum.
- 1957 30/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á áfengis-
lögum.
- 1961 4/9 í Neskaupstað: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.
- 1962 8/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 49. gr. umferðarlaga.
- 1964 1/4 í Hafnarfirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1964 29/4 í Hafnarfirði: Áminning fyrir ölvun í leigubifreið.
- 1965 15/10 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 3 ár, fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1966 4/8 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1968 1/2 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1968 25/10 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1970 15/4 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum í máli þessu:

Þriðjudaginn 12. maí s.l. kom Ingvar Vilhjálmsson útgerðarmaður á lögreglustöðina og tilkynnti um þjófnað á frakka sínum. Skýrði hann frá því, að hann hefði farið í Útvegsbankann fyrr um daginn, eða um kl. 1140, og hengt frakkann upp í fatahengi í biðstofu bankastjóra. Í vösum hefðu verið nýir hanzkar og bíllyklar. Þegar hann ætlaði að taka frakkann aftur, hafi hann verið horfinn. Ingvar kvað frakkann hafa verið bláleitan og lítið slitinn.

Grunur féll á, að ákærði Agnar væri valdur að hvarfi frakkans. Kvað Ingvar hann hafa komið þarna inn ölvaðan, en enginn frakki hafi verið skilinn eftir í fatahenginu.

Hafin var leit að ákærða, en hann fannst ekki. Var það ekki fyrr en daginn eftir, miðvikudaginn 13. maí, sem ákærði kom í leitirnar. Gerðist það með þeim hætti, að beðið var um aðstoð lögreglunnar að Höfðaborg 42 vegna ölvaðs manns. Var þar um að ræða ákærða Agnar, og var hann í frakka þeim, er hvarf frá Ingvari Vilhjálmsyni. Lyklarnir, sem verið höfðu í frakkavasanum, fundust hins vegar að Grettisgötu 2, þar sem ákærði hafði verið við drykkju. Voru þeir ofan í fötu, er var full af rusli inni í vaskaborði í eldhúsinu, vafðir inn í bréf. Hanzkarnir fundust hins vegar ekki að sögn lögreglunnar.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi verið ölvaður umræddan dag. Hafi hann farið niður í Útvegsbanka til að hafa tal af Þormóði Ögmundssyni bankastjóra vegna víxils. Ákærði kveðst hafa verið í frakka, er hann kom í bankann. Hafi frakkinn verið blágrár og dekkri en frakki Ingvars Vilhjálmssonar. Ákærði kveðst hafa skilið frakkann eftir í fatahengi niðri í bankanum, þar sem gengið er inn frá Lækjartorgi. Þegar ákærði fór á brott, kveðst hann hafa tekið í misgripum frakka Ingvars Vilhjálmssonar, en frakkinn hékk í fatahengi á biðstofunni. Síðar um daginn fann ákærði lykla og hanzka í vösum frakkans, og varð honum þá ljóst, að ekki var um hans frakka að ræða. Ákærði hélt áfram drykkjunni og hirti ekki um að skila frakkanum. Kveðst hann þó, að því er hann segir í síðari framburði, hafa farið niður að banka um kl. 1700 til að skila frakkanum, en þá hafi verið búið að loka. Daginn eftir var ákærði einnig ölvaður, og vildi hann af þeim sökum ekki fara í bankann til að skila frakkanum. Ákærði

kveðst sjálfur hafa vafið lyklunum, er voru í frakkavasanum, inn í bréf og sett þá í ruslafötuna. Hafi hann gert þetta til þess, að þeir töpuðust ekki, enda hafi fleiri verið þarna viðstaddir en hann og maður að nafni Helgi Halldórsson. Ákærði kveðst hafa sótt frakka sinn nokkrum dögum síðar niður í Útvegsbanka. Hafi hann verið þar í fatahenginu og ákærði tekið hann, án þess að nokkur afhenti sér hann. Ákærði skipti á frakkanum við annan mann síðar. Ákærði neitar að hafa ætlað að slá eign sinni á frakkann, en það hafi lent í undandrætti hjá sér að skila honum. Ákærði kveður hanzkana hafa komið í leitirnar.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni þeim í Útvegsbankanum, sem annast móttöku fyrir bankastjóra, var nafn ákærða skráð hinn 12. maí s.l. í bók yfir menn þá, sem óska að hafa tal af bankastjórum. Starfsmaður þessi kvaðst eigi vita til, að ákærði hafi komið í bankann til að sækja frakka, er hafi verið í óskilum.

Eins og nú hefur verið rakið, skilaði ákærði ekki umræddum frakka né tilkynnti um hann, heldur hélt áfram að ganga í honum, eftir að honum var orðið ljóst, að eigi var um hans frakka að ræða. Þá tók ákærði lyklana, er voru í vösum frakkans, vafði þá inn í bréf og setti þá í ruslafötu, að eigi verður ráðið í öðru skyni en að fela þá. Verður að líta svo á samkvæmt framansögðu, að ákærði hafi tekið frakkann í því skyni að slá eign sinni á hann, þrátt fyrir framburð hans um, að um mistök hafi verið að ræða. Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Karlsson Svendsen, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.